

Fundur stjórnar foreldrafélags grunnskóladeildar

7. október 2024, kl 17 heima hjá Elfu Hlín.

Mætt eru Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sigurveig Gísladóttir, Kristinn Már Jóhannesson, Óli Már Eggertsson, Margrét Guðjónsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir. Hanna ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

- 1. Útikennslustofa: umbætur í samstarfi við skólann (sjá svar frá Svövu hugmyndir frá kennurum)**
- 2. Hrekkjavaka: hvenær og hvernig?**
- 3. Önnur mál**

Fundargerð:

1. Send var fyrirspurn á skólastjórnendur í sambandi við útikennslustofu, þ.e. hvort kennarar og starfsfólk hefðu áhuga á að farið yrði í betrubætur á útikennslustofu ef foreldrafélagið myndi beita sér fyrir því að fjármagna þær. Svar frá Svövu Lárusdóttur: „Starfsmannahópurinn ræddi aðeins um útikennslustofuna á fundi á fimmtudaginn. Þar komu meðal annars fram hugmyndir um það sem þyrfti helst að gera á svæðinu:
 - a. Fá gröfu til að hreinsa upp úr grunninum og slétta í kring - jarðvegsvinna
 - b. Vantar þak yfir - væri gaman ef það væri smá skjólveggur eða skýli
 - c. Luktir til að lýsa upp í myrkrinu
 - d. Sérstakan kassa fyrir eldivið
 - e. Vantar umsjónarmenn eða verkefnastjóra
 - f. Svo fannst fólki alveg tilvalið að nýta vordaga til að lappa eitthvað upp á svæðið og fá krakkana til að vera virka í því en það þyrfti þá kannski að skipuleggja það betur þegar nær dregur.“

Stjórnin sér fyrir sér að sækja um samfélagsstyrk hjá Múlaþingi fyrir kostnað vegna: jarðvegsvinnu - efnivið fyrir jarðvegsvinnu og vinnu við byggja skýli.

Einnig mun stjórnin sækja um styrk hjá Alcoa fyrir kostnaði og vinnuframlagi til að kaupa efnivið og byggja efnivið og þak á skýli.

Byrja þarf á að mæla fyrir skýlinu. Hanna tekur það að sér. Svo mun hún byrja á að kynna grófar hugmyndir á næsta skólaráðsfundi. Stjórnin skoðaði m.a. að nýta fyrirmynd frá Borgarfirði eystri. Elfa Hlín hefur samband við aðila þar til að spyrjast fyrir um teikningar og kostnað.

2. Myrkraball: Hanna kemst að því á skólaráðsfundi hvenær fyrirhugað er að halda myrkraball og ræða um fyrirkomulag.

3. Önnur mál:

- Send var fyrirspurn á skólastjórnendum um ástand og þrif á skólahúsnæði í upphafi skólavetrar. Einnig var lögð fram sú tillaga að færa annan hjólastandinn hinu megin við tröppur svo að hann væri ekki of nálægt götu. Eftirfarandi svör bárust: „Í sambandi við þrif og viðhald þá er stundum erfitt að vera í þessu gamla húsi þar sem viðhaldspörfin er orðin mikil og takmarkað fjármagn sem við höfum. Það vildi síðan svo óheppilega til að ræstitæknirinn var akkúrat forfallaður dagana sem við vorum að byrja skólastarfið, þau mál eru í góðum farvegi núna. Þetta er fín hugmynd með standinn, við reddum þessu.“
- Stjórnin ræddi fréttir um niðurstöður rannsókna sem sýnir að mikil símanotkun á skólatíma bitni á lestur. Stjórnin hefur áhuga á að taka þetta samtal við skólastjórnendum í ljósi frétt aflutnings og umræðu í samfélagi. Hanna mun taka þetta upp á næsta skólaráðsfundi. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-10-07-mikil-simanotkun-a-skolatima-virdist-hafa-ahrif-a-lestur-42395>
- Stjórnin ræddi um að nemendur í 4. bekk hafa lítið við að vera eftir skóla; fá ekki að vera í skólaseli né sækja félagsmiðstöð. Hvernig væri hægt að leysa það? Spyrja Dagnýju og ræða á skólaráðsfundi.
- Einnig var Hanna beðin um að spyrja af hverju var hætt með vinnustaðakynningu nemenda á elsta stigi.
- Akstur yfir á Egilsstaði fyrir börn sem vilja ástunda íþróttir og tómstundir þar. Í sumum byggðakjörnum fá börn og foreldrar einhvers konar styrki. Stjórnin vill beita sér og senda fyrirspurn á Múlaþing; væri með einhverju móti hægt að koma til móts við íbúa Seyðisfjarðar?

Fundi slitið kl. 18:13